

**Ad.**

### **36. Frumvarp**

til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson og  
Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar við næstu óhlutbundnar kosningar til Alþingis í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fari þá fram kosning á aðeins einum þingmanni, skal hann kosinn fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Hinn þingmaðurinn telst þá þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt 1. gr.

### **Greinargerð.**

Svipuð frumvörp um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi hafa verið fram borin á undanförnum þingum, en verið feld með litlum atkvæðamun. Má vænta þess, að hið nýkosna þing láti vera eitt af fyrstu verkum sínum að ráða bót á þeim misfellum á kjördæmaskipuninni, sem hjer eiga sjer stað. Ástæður fyrir skiftingunni eru óbreyttar.

Rjett þykir, að lög þessi komi til framkvæmdar svo fljótt sem unt er. Þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður mundi sjerstaklega gjalda þess, ef kjördæmaskipun væri lengi óbreytt, er ætlast til þess, að verði aukakosning á kjörtímabilinu um aðeins einn þingmann, þá sje hann kosinn fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og af hafnfirskum kjósendum einum.